

nema—ja, nema þessir, sem skreppa suður fyrir „línuna“, ef þeim verður í vangá á, að hafa hönd á fleiru, en þeir eiga eignarrétt á.

Það litla, sem eg heyrði talað um á þessari sýningu, sem ögn af viti talað, var um kýr og nautgripi. Það voru ósköpin öll töluð um einhverja „Greenway's kynbótanautgripi“. Eg þekkti ekkert inn á það. En eg heyrði margt hjartaskerandi aðdáunarhróp um þá mælt, og sálir með klökkum róm og fjálgleika nefna þetta Greenway's nafn. Hann var nefndur frá Crystal City, en ekki frá Nazareth, og ekki konungur Gyðinga, heldur „Frelsari“ Manitoba— Manitoba-fylkis. Þær voru líka frelsaralegar, nautasýningarnar hans Greenway's, eftir því sem sagan ber vitni um. — — —

[Framhald í næsta blaði]



Til Unitarapingsins í Boston.

Þótt farin sé ferð með eimlest í hundrað mílna fjarlægð, þá eru það að eins örfáir, sem fengið geta sig til, að gjöra mikið mál útaf slíku. Og þeir eru enn færri, sem spunnið geta heila fyrirlestra eða ferðabækur út af jafn efnislitlu atviki. Það er að eins þegar þráin og löngunin er svo rík hjá manningnum sjálfum, að tala um sjálfan sig, rétta þessum lúkufylli og hinum hnefayylli af sjálfslofi og blygðunarlausum drýgindum,— að sál hans „úteys sér í yndislegum lofsöng“, ef skotist er út fyrir heimahagann, því með ferðinni er tilefnið fengið, leyfið til að tala, tappinn dreginn úr leggunum, og andanum, „þeim unholdans“, gefið fullt ráðrúm um stund. Sjaldnast er viðstaðan svo löng á hverjum stað, að hægt sé með nokkurri vissu að segja frá, hversu þar sé högum háttað. Sé það ekki hægt, verður ferðasagan lítið meira en vindstroka sem fylgir í kjölfari lestarinnar, sem farið er með. Eg ætla því ekki að þyngja Heimi með ferðasögu. —